

Sögulegar laugar í byggð á Íslandi. Stutt og ófullkomin drög að yfirlitsskrá

Freysteinn Sigurðsson

Greinargerð FS-98-02

03.04..1998.

SÖGULEGAR LAUGAR Í BYGGÐ Á ÍSLANDI Stutt og ófullkomin drög að yfirlitsskrá

Tilgangur skráar og viðfangsefni:

Nýting jarðhita hér á landi hefur stóraukist svo á þessari öld, að líkja má við byltingu eða sprengingu. Áður skorti þekkingu, tækni og fé til stórfelldrar nýtingar. Jarðhiti var þá samt nýttur til ýmissa þarfa. Víða voru hverir og laugar nýtt heima fyrir til þvotta, en um það munu vart vera nema mjög ófullkomnar heimildir. Slíkt þótti naumast frásagnarvert. Þess er frekar getið, ef sótt var til þeirra af bæ. Sums staðar voru laugar notaðar sem vatnsból, því að þær frusu ekki á veturna og bræddu jafnvel af sér snjóþekjuna. Um þessa notkun munu heimildir einnig vera af skornum skammti. Hverir voru sums staðar notaðir til iðnaðar eða búsparfa (saltsuða, til að sveigja girði, mýkja horn, "kalúna" vambir, afhæra skinn, þæfa vaðmál o.s.frv.). Loks voru laugar frá upphafi landnáms notaðar til baða. Á því virðast að vísu hafa verið nokkrar tískusveiflur, en til baðs eða sunds varð yfirlétt að gera mannvirki að laugunum. Þeirra hefur því séð nokkrar menjar og þannig laugar voru ekki víðar en svo, að þeirra var oft getið sem sérkennilegra fyrirbæra. Því munu bæði heimildir og menjar vera einna fyllstar um bað- og sundlaugar frá fyrri tíð, þó rýrar séu.

Mikið verk væri að leita í öllum líklegum heimildum að upplýsingum um svona laugar, hvað þá að kanna þær sjálfar með vettvangsskoðun. Það er þó ekki óskyldur fróðleikur (svo notað sé orðalag Ara fróða) að taka saman upplýsingar um þessi atriði. Slík samantekt varpar ljósi á lífshætti, hugvit, verktækni og lífsviðhorf forfeðra okkar og hefur því verulegt sögulegt gildi. Laugar þessar öðlast með sögu sinni vissst gildi fyrir ferðapjónustu og getur því svona skrásetning verið beinlínis gróðavænleg. Úttekt á þessari fornu nýtingu er veigamikill liður í nýtingarsögu jarðhitas hér á landi og getur enn verið til fyrirmyndar um "náttúruvæna" nýtingu jarðhita. Skrá sú, sem hér á eftir fylgir, er ætluð sem skref í átt að svona skrásetningu fornra og nýliðinna bað- og sundlauga. Hún er ófullkomin, mest tekin saman eftir minni og án nokkurrar ítarlegrar leitar í heimildum né vettvangskonunnar. Þeim er ætlað að koma síðar, ef svo æxlast. Umfjöllun er stutt, m.a. til að forðast of mikið af ranghermum, sem hætta er á án viðunandi könnunar. Verður þó varla útilokað, að einhverjar villur hafi ekki slæðst með. Segja má, að skrá þessi sé að nokkru leyti hugsuð sem hvati til frekari og vandaðri ritgerða, er leysi þessa af hólmi.

Sögulega notkun lauga virðist mega flokka sundur í þrjá meginflokka:

- Á söguöld voru laugar notaðar til baða, samkvæmt fornsögum (skráðum eftir á) og Sturlungu og Biskupasögum (skráðum nær samtímis). Sumar laugar virðast hafa rúmað nokkurn mannfjölda og hafa verið samkomustaðir til skemmtunar, líkt og sólarstrandir nútímans, þar sem glaumgosar (t.d. Kjartan Ólafsson) og glæsikvendi (t.d. Guðrún Ósvífursdóttir) iðkuðu að kjást við. Þessu hlutverki þjónuðu Þvottalaugarnar við Reykjavík, a.m.k. á 18. öld, samkvæmt Eggerti Ólafssyni og Bjarna Pálssyni. Á þeirri öld var kuldaskið á landinu, sem örvaði lítt til óklæddrar útivistar, en galdratrúin (á 17. öld) og "píetisminn" (heittrúarstefnan) (á 18. öld) réðu í hugum og hjörtum þjóðarinnar, sem stemmdi gegn öllum strípagangi úti á víðavangi. Lögðust hinar fornu laugaferðir að mestu af á 17. og 18. öld. Baðþörf þjóðarinnar á enn eldri tímum var lengst af mætt með (gufu-)baðstofum.

- Sundmennt var útbreidd hjá þjóðinni til forna, en lagðist síðan svo af, að til fágætis og ágætis var talið. Snemma á 19. öld glæddist á öldum upplýsingarinnar áhugi á endurvakningu sundkunnáttu þjóðarinnar. Þá var um sinn veðurfar hagstætt (um 1830, en þá varð sögulegt hámark í frjósemi þjóðarinnar) og menn til staðar, sem höfðu sundíþróttina á valdi sínu. Er sérstaklega tilgreindur Jón Kjærnested (frá Skriðu í Hörgárdal) sem kom upp úr 1820 frá búfræðinámi í Danmörku. Þá var farið að stífla uppi sundlaugar í lækjum, helst volgum, en víða var ekki annars kostur en sólhitaðra kaldavatnspytta. Lægð kom svo aftur í laugagerðina, en hún tók nýjan fjörkipp kringum síðustu aldamót. Þessi laugagerð var við lýði víða um land fram yfir fyrra stríð, og á stöku stað lengur. Eftir það koma til steinsteypar laugar. Gamlir menn í héruðum kunna enn að rekja sögu margra þessarra lauga, en mismikið er skráð af þeim fróðleik og hann því óðfluga á glatstígum.
- Í kjölfar sundlaugagerðar fjölgaði baðlaugum víða, þó litlar og þröngar væru sumar, rétt svo að hægt væri að troða smámönnum ofan í þær. Þær voru gerðar eins og sundlaugarnar, sumar hlaðnar í lækjargræfum við laugar, aðrar grafnar út í jarðvegi eða klappaðar í móhellu og hverahrúður. Margar slíkra lauga munu þó ekki vera eldri en frá þessari öld. Þannig laugar munu hafa verið gerðar eða lagaðar fram yfir seinna stríð á afskekktum stöðum. Fornu baðlaugarnar voru margar laglega hlaðnar með setbekkjum og komst það lag á í sumum þessum nýrri laugum líka. Yfir sumar þeirra var byggt, einkum þegar dró fram á þessa öld.

Þetta munu hafa verið helstu gerðir sögulegra lauga hér á landi. Í skránum hér á eftir eru heiti fornsögulegra og merkra baðlauga frá því fyrir 1700 feitletruð, heiti sérgerðra sundlauga með stórum stöfum, en heiti annarra skáletruð með venjulegu móti. Margar hinna eldri lauga eru nú horfnar og aðeins þekktar úr fornum sögum, þó að ummerki hafi séð lengi til sumra, eða sagnir verið um þær. Sama gildir raunar um sumar hinna yngri lauga, ekki síst sundlaugar í lækjarskorningum, sem uppi voru stíflaðar. Þeirra mun nú víða sjá lítil eða engin merki. Laugar þessar eru hér á eftir raktar boðleiðis vestur og norður um land og skráðar eftir landshlutum. Hafa verður fyrirvara um sumar þessarra lauga, sem óljóst er um á þessu stigi. Verður sett spurningamerki við þær sumar að því tilefni.

Landnám Ingólfs (Kjalarnesþing):

1. *Bleikhóll í Krýsuvík ?:* Þar var laug, en vera má, að hún ætti að teljast til síðari tíma. Í Krýsuvík á jarðhitanýting sér merka sögu. Þar var numinn brennisteinn í "Kongens Mijne i Krijsevig" og þar framkvæmdu Eggert og Bjarni fyrstu rannsóknarborun á háhitasvæði á Íslandi. Krýsuvík var talin ein af helstu jarðhitafurðum Íslands og skoðunarefni ferðamanna áður fyrr - og enn. Jarðhitanýtingarsögu Krýsuvíkur þyrfti að taka saman.
2. *VALBJARGAGJÁ á Reykjanesi:* Rétt suður af vitanum var laug sprengd ofan í og hlaðin í hraunsprungu, sem volgt vatn stóð uppi í á flóði sjávar (sjóblanda). Sagt er, að sundfært hafi verið í laug þarna, en ekki hafa þau verið mörg sundtökin í þessari. Sundpollur hefur verið í volgu sjóvatni austur undir Valbjörgum. Reykjanes var skoðunarefni ferðamanna. Á stæða er til að taka saman jarðhitasögu Reykjanes, en Kristján Sæmundsson hefur dregið saman mikið efni um það mál.
3. **Þvottalaugar í Reykjavík:** Einnig nefndar "Laugarneslaugar". Þar voru baðlaugar á nokkrum stöðum, í flestum með kalt vatn úr læk og heitt úr uppsprettum. Nokkuð er síðan vatn þvart í Þvottalaugunum vegna vatnstöku úr borholum og enn lengra síðan fólk fór þangað í náttúrulegar laugar til baða. Saga Þvottalauganna er nokkuð sérstök. Líklega hefur Hallgerður langbrók stundað Þvottalaugarnar, þegar hún bjó í Laugarnesi. Laugaferðir voru stundaðar þangað frá Reykjavík á 18. öld, einkum um helgar. Þar framkvæmdu Eggert

Ólafsson og Bjarni Pálsson fyrstu rannsóknarborun á Íslandi (í ágúst 1755). Þar voru Sundlaugarnar í Reykjavík seinna gerðar. Jarðhitasögu Þvottalauganna (og Reykjavíkur) þyrfti að taka saman. Mikið efni er til um þennan jarðhita, og annan jarðhita á Inn-Nesjum, í skýrslu Helga Torfaonar OS-97026.

4. *Breiðholtslaug*?: Laugarpyttur var neðan Breiðholtsbæjar fram yfir 1960. Óljóst með aldur hans.
5. *Laugar í Mosfellssveit*: Víða kunna og munu hafa verið laugar í Mosfellssveit, sem heimildir eru um Baðlaugar voru bæði á Suður- og Norður-Reykjum, en frá Mosfelli yfir að Æsustaðalaug hjá Norður-Reykjum mátti á síðustu öld sjá merki um veggard (brú) yfir mýrina. Í Mosfellssveit var upphaf hitaveitna (í hús, Stefán B. Jónsson, 1909) á Íslandi og stóriðnaðar á íslenskan mælikvarða með jarðhitanýtingu (Álafoss) og er hvort tveggja sögulegt. Jarðhitasögu Mosfellssveitar þyrfti að taka saman.
6. **Kollafjörður** : Í Kjalnesinga sögu er talað um laug á þessum slóðum, en þar var á 18. öld steinþró um laug norðvestur af bæ. Önnur laug gæti hafa verið austur frá Esjubergi (undir Laugarhyrnu?).
7. *Hrísakot í Brynjudal*: Þar var baðlaug uppi í hálsi og byggt yfir. Bruggað mun þar hafa verið um tíma og hafi það jafnvel ráðið meiru um svona vandaðan frágang en böðunin.

Vesturland (Þverár- og Þórsnesþing):

1. **LEIRÁRLAUG í Leirársveit**: Var hlaðin laug með setbekkjum skammt norður frá Leirá. Þar lést Árni lögmaður Oddsson árið 1665 og fannst á floti í lauginni, örendur. Nokkur dæmi eru þess, að menn hafi andast í laugum (líklega of heitum). Leirárlaug var hringhlaðin með setbekkjum og tók 6 - 10 manns. Tótt var hlaðin við lagina til klæðskifta. Laug þessi var við lýði til skamms tíma, en sundlaug var hlaðin þarna árið 1915.
2. *Bakkakot í Skorradal*. Laugargrýta við Laugarhól uppi í hálsbrún. Þar kvað hafa verið bruggað í eina tíð, enda fáfarinn staður, eins og í Hrísakoti í Brynjudal. Miklu víðar mun hafa verið bruggað við hóflegan jarðhita á Íslandi, t.d. heitir "Gambramyri" á einum stað.
3. *Háafellslaug í Skorradal*: Í hlíðarfæti úti undir merkjum við Stálpastaði. Hlaðin smálaug, naumast baðhæf en talin hollustusamleg, einkum við kvennasóttum. Var enn volg 1974 en orðin köld 1986.
4. **ENGLANDSLAUG í Lundarreykjadal**: Hlaðin sundlaug við tvo misheita hveralæki. Mun fyrst hafa verið reist um 1850. Þar var lengi sundkennsla, en laugin var til heimabruks fyrir nágretta fram yfir 1980. Um miðja síðustu öld kenndi Glímu - Gestur (Sund - Gestur) sund þar og í Reykjalaug.
5. **REYKJALAUG í Lundarreykjadal**: Laugar eru heima undir bæ og stærri laug var um tíma við læk frá Reykjahver skammt frá bæ. Þar var gerð sundlaug um 1850 og kennt sund. Síðar var laugin smækkuð í baðlaug og barnasundlaug. Þorvaldur Thoroddsen talar í Ferðabók sinni um "Reykjalaug", sem Vestlendingar voru skírðir í, og segir sundlaug hafa stundum verið í henni. Þessi er eina laugin, sem sundlaug var í á Reykjum, og mun laugin hafa haft nafn af nýtingu heimamanna, en fornmennt fóru ekki yfir lækinn að sækja vatn, né heila bæjarleið að fara í smærri laug, þegar þeir höfðu laug(ar) heima undir bæ. Reykjalaug er *fyrsta* laug vestan Þingvalla og munu Vestlendingar því hafa verið drifnir í hana, svo að þeir færu sem styst, óskírðir. Vígðalaug á Laugarvatni er fyrsta laug austan Þingvalla, en þar voru Norðlendingar og Sunnlendingar skírðir..

6. **Krosslaug í Lundarreykjadal:** Snoturlega hlaðin setlaug fyrir einn mann á merkjum Reykja og Brennunar. Flatkrossar munu hafa tíðkast á landamerkjum og mun laugin líklega draga nafn af slíkum. Hennar mun fyrst getið á 17. eða 18. öld og var síðan farið að tengja nafn hennar við einhvern ímyndaðan prestakross, sem hvergi er nokkur heimildarfótur fyrir, og það svo tengt við skír Vestlendinga í "Reykjalau". Landnáma og Íslendingabók komu út á prenti á 17. öld hér á landi og var þá farið að skýra eitt og annað eftir þeim, misgáfulega. Laugin er hálf í Brennalandi, en a.m.k. 14 jarðhitastaðir eru í Reykjalandi, og þessi þó fjærst bæ. Sundlaug var aldrei við Krosslaug á seinni tímum. "Krosslaug" er tæpast "Reykjalau" og þar munu Vestlendingar raunar ekki hafa verið skírðir. Í ráði mun samt vera eitthvert hátíðahald við laugina á kristnitökuafmælinu árið 2000 (þá sennilega á röngum forsendum) en skógræktarreitir hefur verið settur upp umhverfis hana í tilefni af (ímyndaðri) söguhelgi hennar.
7. **Bær - LANGHOLT í Bæjarsveit:** Suður frá Bæ voru leifar af gamalli laug fram á síðustu öld (í Þórdísarholtum), en í Bæ var engilsaxneskt munklífi og biskupssetur um tíma á 11. öld, síðar höfðingjasetur. Í Sturlungu getur laugar neðan túns í Bæ. Í Laugalæk í Langholtslandi var gerð sundlaug á síðari hluta síðustu aldar, gæti hafa verið 1873.
8. *Varmilækur í Bæjarsveit:* Þar var lítil baðlaug á 18. öld og lengur.
9. *Sturlu-Reykir í Reykholtssdal:* Þar var þurrabað, gott við gigt, við svokallaðar Baðlaugar. Ekki er ólíklegt, að laugar eða þurraböð hafi verið víðar í Reykholtssdal. Jarðhiti þar þótti skoðunarverður (Árhver / Vellir / Vellandishver / Vellineshver, Deildartunguhver, Skrifla o.fl.). Á Sturlu-Reykjum var hveragufa fyrst notuð til suðu og hitunar hér á landi (þróað 1908 - 1911). Matsuða var áður við Deildartunguhver.
10. **Snorralaug í Reykholti:** Hringhlaðin laug við skólahúsin í Reykholti með fornum jarðgöngum frá gamla bæjarstæðinu. Vatni var veitt til laugarinnar frá hvernum Skriflu. Laugin er kennd við Snorra Sturluson, en frá laugarsetum hans segir í Sturlungu. Tungu-Oddur Á Breiðabólstað átti baðlaug við "sauðahús sín í Reykholti" á 10 öld. Snorralaug var hlaðin upp á ný um miðja síðustu öld (1858) og tvisvar á þessari. Líklega hefur hún verið hlaðin upp nokkrum sinnum áður. Hún er trúlega best varðveitt (eða mest endurnýjuð) hinna fornu baðlauga.
11. *NORÐUR-REYKIR í Hálsasveit:* Sundlaug var gerð þar árið 1894.
12. *STÓRI-ÁS í Hálsasveit:* Þar var sundlaug við hveralæk, auk þvottahúss, kornmylnu og rafstöðvar (1928).
13. *Síðumúlalaug í Hvítársíðu ?:* Laugin var notuð til þvotta, en ekki er eins víst með baðnot hennar. Munnmæli herma, að þarna hafi verið hver, sem hafi fært sig yfir um Hvítá að Hurðarbaki, eftir víg Jóns Grímssonar, að saklausu, (á 16. öld) og þvott klæða hans í hvernum.
14. *LUNDAHVER hjá Lundum / Ásum í Stafholtstungum:* Þar var sundlaug í hveralæknum við Þverá frá því fyrir aldamót.
15. *VEGGJALAUG hjá Stafholtsveggjum / Laugalandi í Stafholtstungum:* Þar var gerð sundlaug árið 1895.
16. *Landbrot í Hnappadal:* Setlaug í náttúrulegri holu í hverahrúður norðan við Eldborgarhraun.
17. *Syðri-Rauðamelur í Hnappadal ?:* Allstór baðlaug (2 × 6 m, ½ - 1 m djúp), aldur ókunnur, gæti verið frá dögum Arons Hjörleifssonar eða dögum Odds Sigurðarsonar, sonarsonar

Odds lögmans, sem lést í Leirárlaug.

18. **KOLVIÐARNESLAUG í Eyjahreppi:** Þar var sundlaug við Haffjarðará (á svipuðum stað og nú) frá því fyrir miðja síðustu öld og aftur snemma á þessari öld.
19. **Lýsuhólslaug á Snæfellsnesi:** Þar var baðlaug á Sturlungaöld og nýting og nýtingarhugmyndir jarðhitans þar á síðari tímum nokkuð merkilegar. Baðlaug var þar enn á 18. öld, en tilvist hennar virðist hafa verið stopul. Mætti vera, að laugabreytingar vegna útfellinga eigi þar einhvern hlut að máli.
20. **GRAFARLAUG í Reykjadal í Dölum:** Laug var þar á Sturlungaöld, sem síðar mun hafa farið í aur og skriður, þegar baðferðir lögðust af. Ungmenafélagið byggði þar sundlaug á fyrri hluta þessarar aldar, sem enn er í notkun.
21. **Sælingsdalslaug í Hvammssveit:** Þar var fræg laug til forna, svo sem frá segir í Laxdælu og Sturlungu. Enn var þar baðlaug á 18. öld. Síðar fór hún að mestu leyti í skriður, en þó þykjast menn sjá menjar hennar enn.
22. **Oddbjarnarsker á Breiðafirði:** Baðlaug mun að vísu ekki hafa verið í Oddbjarnarskeri, en þar var vatnsból á fjöru í laug í flæðarmáli (önnur ósaltari á stórstraumsfjöru). Flæðarlaugar voru og eru víðar út um hólma og sker á þessum slóðum (út frá Flatey: Reykey, Sandey, Drápssker, Urðarhólmur).

Vestfirðir (Þorskafjarðarþing):

1. **Bóndalaug (Grettislaug) á Reykhólum:** Hlaðin í hveralæk sunnan á bæjarhólnum. Fjóslaug var þar líka og Þvottahver. Gvendarhola var við hverinn Kraflanda, heit heilsulind og vígð af Guðmundi góða. Dárar migu í laugina eftir vígsluna, en hún hélt þó mætti sínum. Matsuða var í hverum þar um síðustu aldamót. Líklega eru fleiri forn laugamannvirki á staðnum, saltsuða var ráðgerð þar (eitthvað reynd af Magnúsi Ketilssyni upp úr miðri 18. öld) og fleiri söguleg mannvirki gætu verið þar enn. Jarðhitasögu Reykhóla væri vert að taka saman.
2. **Vatnsfjörður á Barðaströnd:** Laug var undir sjávarkambi, stundum kennd við Hellu og stundum við Þverá. Seinna var steipt laug þar og gerð aðgengileg (sú mun vera á Hellu).
3. **MÓRUDALUR á Barðaströnd:** Hlaðin laug fram á Mórudal (Mórelludal), var sundhæf um tíma.
4. **Gvöndarlaug í Sveinseyrarhlíð í Tálknafirði:** Grafin og hlaðin baðlaug í gróinni hlíðinni. Klæðskiftaskjól var undir steini í hlíðinni. Við lýði á 18. öld og a.m.k. frá 12. öld, hafi Guðmundur góði í raun vígt hana.
5. **Dufansdalur í Arnarfirði:** Hlaðin baðlaug uppi í hlíð.
6. **Reykjarfjörður í Arnarfirði:** Baðlaug var þar niður undir sjó á 18. öld, en óvisst annars um aldur laugavirkja þar.
7. **Laugarból í Mosdal í Arnarfirði ?:** Sundlaug nokkuð utan bæjar, nýleg (?), en baðlaug mun hafa verið þar áður.
8. **LAUGAR í Súgandafirði ?:** Sundlaug hefur verið lengi þar, en ekki er enn víst, hvort sú fyrsta var torfhlaðin.

9. **REYKJANES við Ísafjarðardjúp:** Sundlaug úr torfi var hlaðin 1889 (Árbók FÍ 1949), en saltsuða var rekin þar undir lok 18. aldar. Sjást hennar menjar enn, en mættu þó vera betur varðveittar. Nýtingarsaga jarðhita er merkileg á Reykjanesi og væri ástæða til að kanna hana betur í heimildum og á vettvangi.
10. *Eyri í Ísafirði:* Í Eyrarhlíð var og er hlaðin laug rétt ofan flæðarmáls.
11. *Gerfidalur - Múli við Ísafjörð:* Hlaðin laug í húsi var í hlíðinni, e.t.v. frekar ung, en mun hafa spillst við vegagerð í seinni tíð.
12. *Nauteyri á Langadalsströnd:* Þar var baðlaug ofarlega á eyrinni, vinsæl af ferðamönnum. Vatn í henni þvarr við jarðboranir í grenndinni.
13. *REYKJARFJÖRÐUR NYRÐRI á Ströndum:* Sundlaug var byggð þar snemma á þessari öld.
14. *Krossnes í Norðurfirði:* Þar var baðlaug á 18. öld og lengi síðan.
15. *Reykjanes á Ströndum:* Setlaug var og er í flæðarmáli í Hákarlavogi á Reykjanesi í Árneshreppi, sem ekki verður komist í nema sæta sjávarföllum.
16. *Klúka í Bjarnarfirði syðri á Ströndum:* Þar voru tvær hlaðnar baðlaugar, Gvöndarlaug og önnur til.
17. *BAKKI í Bjarnarfirði syðri:* Þar var baðlaug og torfhlaðin sundlaug mun þar einnig hafa verið.
18. *HVERAVÍK á Selströnd í Steingrímsfirði:* Laugavirki í Hveravík munu að vísu vera ung (fyrsta laugin frá 1934, steyp), en voru og eru dálítið sérstæð vegna legu sinnar í flæðarmáli.

Norðurland (Húna-, Hegranes-, Vaðla- og Þingeyjarþing):

1. *REYKIR Í HRÚTAFIRÐI:* Sundlaug hefur líklega verið þar einhvern tíma snemma á 19. öld, í köldum læk með hveravatni frá Reykjahver. Matsuða var í Reykjahver um síðustu aldamót.
2. **Reykir í Miðfirði:** Laug mun hafa verið þar til forna (Þórðar saga hreðu og fleiri sögur) og fer ýmsum sögum af menjum eftir hana. Baðlaug var þar enn við lýði á 18. öld og þótti góð við kvennasóttum og hægðatregðu.
3. *REYKIR Á REYKJABRAUT:* Þar var byggð sundlaug 1820 (Árbók FÍ 1964), en baðlaug mun hafa verið þar líka á 18. öld og a.m.k. til skamms tíma.
4. **Grettislaug á Reykjum á Reykjaströnd:** Frá laug segir í Grettisögu, sem Grettir lagðist í eftir Drangeyjarsund sitt. Sjór mun iðulega hafa spillt laugarvirkjum þarna, en hlaðin laug var þar til skamms tíma. Hún spilltist nýlega í sjógangi, en hefur nú verið umbylt og endurgerð í nýrri mynd og stærri umgjörð.
5. *Varmahlíð í Skagafirði ?:* Reykjarhólslaug eða Þófaralaug austan í Reykjarhóli var gömul þvottalaug, en ekki er visst með baðmennsku. Svona "þvotta- og þófaralaugar", sem sótt mun hafa verið til af nálægum bæjum, voru víðar í Skagafirði (Vallalaug, Skíðastaðir, Steinsstaðir, Reykir, Hafgrímsstaðir, Goðdalir - í Jökulsárgljúfrinu, Hof - Hofsvellir) og ugglaust víðar. Þær voru a.m.k. sumar hlaðnar upp með "þófarabekk".
6. **Vallalaug eða Vallholtslaug í Vallhólmi:** Þar segir frá laug í fornum sögum og Sturlungu, en þinghald er sagt hafa verið við laugina, og til tóttá sá enn þar á síðustu öld.

7. *Reykjavellir í Neðri-Byggð*: Þar var í lok 18. aldar fallega hlaðin laug, sem talin var heilsulind.
8. **Skíðastaðalaug í Neðri-Byggð í Lýtingsstaðahreppi**: Þar var laug, sem þeir Gissur og Kolbeinn ungi sátu í kvöldið fyrir Örlygsstaðabardaga (1238) og baðlaug enn í lok síðustu aldar.
9. *Steinsstaðalaug og REYKJALAUG í Tungusveit*: Laug hjá Steinsstöðum og önnur á Reykjum í Tungusveit. Steinsstaðalaug var þvotta- og þófaralaug, en mun einnig hafa verið til baða, snemma. Kornmylna var í loknum í lok 18. aldar. Baðlaug var á Reykjum, en sundlaug var gerð þar 1822, einhver hin fyrsta jarðhitasundlaug hér á landi í seinni tíð (Árbók FÍ 1946).
10. **Reykir í Hjaltadal**: Þar eru Biskupslaug, hellulögð í botn með setþrepi, og Vinnufólkslaug, rúmmeiri og öll óvandaðri. Biskupslaug var laug Hólabiskupa.
11. *Lambanesreykir í Fljótum*: Þar hafa fundist laugavirkishleðslur, en kanna þarf betur baðlaugamenjar í Fljótum.
12.

Skútudalur í Siglufirði ?

Þar mun líklega hafa verið baðlaug.
13. *REYKIR Í ÓLAFSFIRÐI*: Þar var lítil baðlaug og mun vera enn. Ungmennafélagið lét gera þar torflaug til sunds.
14. *Flögusel í Hörgárdal*: Þar er baðhæf, grjóthlaðin laug á Laugaeyri við Hörgá.
15. **Hrafnagilslaug í Eyjafirði**: Um laug á Hrafnagili er getið í Víga-Glúmssögu, Reykdælu og Sturlungu. Hún virðist hafa verið samkomustaður gleðifólks og hressingarbað höfðingja. Baðlaug var þar enn á 18. öld (bæði Stokkalaug og Hrafnagilslaug). Laugamenning (og baðmenning) virðist hafa verið töluverð hér á landi á söguöld og Sturlungaöld og væri það fróðlegt rannsóknarefni.
16. *Hólagerðislaug í Eyjafirði*: Snyrtilega hlaðin baðlaug í mýri utan Hólagerðis. Notuð a.m.k. til skamms tíma.
17. *Reykir í Fnjóskadal*: Þar var hlaðin laug í læk og veitt í heitu vatni.
18. *Hveravellir (Reykjavellir) í Reykjahverfi*: Litlum sögum fer af fornum laugum þar, en staðurinn þótti skoðunarverður fyrir ferðamenn.
19. *Birningsstaðalaug í Laxárdal ?*: Smálaugargrýta, baðhæf, og mun hafa verið notuð sem slík. Trúlega hafa víðar verið slíkar laugar í Þingeyjarþingi.
20. *STÓRU-LAUGAR í Reykjadal ?*: Laugalækir eru þar í dalshlíðinni, sem voru stíflaðir uppi "til íþróttá" á fyrri hluta 19. aldar, en þar mun vera átt við sundíþróttina.
21. *Stóragjá hjá Reykjahlíð*: Fyrrum mun Stóragjá hafa verið aðalbaðstaðurinn, en böð í Grjótagjá munu vera löngu síðar til komin.
22. *Jarðbaðshólar í Mývatnssveit*: Þar var frægt og heilsusamlegt þurrabað, sem nú mun sjá lítil merki. Seinni tíma menjar eru þar ýmsar, um brennisteinsnám, gufubaðhús o.fl. Hugmyndir hafa verið á kreiki að koma upp "Bláu lóni" í Mývatnssveit í tengslum við kísiliðjuna í Bjarnarflagi.

Austurland (Múla- og Skaftafellsþing):

Fátt mun hafa verið um sögulegar laugar í byggð í Austfirðingafjórðungi hinum forna (Múlaþingi og Skaftafellsþingi), enda jarðhiti þar óvída.

1. **Laugarhús á Hrafnkelsdal:** Þeirra er getið í Hrafnkelssögu, en ekki er laugar þar sérstaklega getið. Þar er þó hlaðin baðlaug.

Suðurland (Rangár- og Árnesþing):

1. **SELJAVALLALAUG undir Eyjafjöllum:** Þar var gerð sundlaug í þröngu gili, seinna steipt og stækkuð og loks færð fyrir skemmstu niður á flatlendi við gilkaftinn.
2. **Klofi á Landi:** Allfrægt þurrabað, löngu aflagt.
3. **KALDÁRHOLT í Holtum:** Torfhlaðin sundlaug við laugaveitu í Kaldárholtslæk.
4. **Þjósárholt í Gnúpverjahreppi:** Viðfrægt þurrabað. Þar læknaðist árið 1881 Englendingurinn John Coles, að eigin sögn, varanlega af gigtinni, sem hafði plagað hann um árabíl. Byggt var yfir gufuhelli með legurúm fyrir tvo menn.
5. **Hrunalaug í Ytra-Hreppi:** Laug þessi er hlaðin og steipt, var með húsi yfir að hluta til. Baðlaug.
6. **Grafarbakki / Flúðir / HVAMMUR:** Baðþró var á 18. öld við afrennsli Grafarhvers. Hlaðin sundlaug var og er á Hverahólma við Litlu-Laxá hjá nýbýlunum í Hvammi.
7. **Geysir í Haukadál:** Geysir er sögufrægastur hver á Íslandi, síðan "túristar" fóru að leggja leið sína hingað á 18. öld. Líklega verður að telja þá Joseph Banks, Uno v. Troil og félagar (1772) fyrsta í þeim hópi, en þeir áttu hingað ekkert erindi nema forvitni sína. Marteinslaug var uppi í Haukadál, skammt frá kirkjunni, en heilagur Marteinn var einn af dýrlingum Haukadalskirkju, ásamt heilagri Barböru og fleirum. Hún hefur einnig verið kennd við Martein biskup Einarsson (um miðja 16. öld). Heilagur Marteinn frá Tours var mikils metinn á Íslandi og minni hans drukkin í stórveislum langt fram yfir siðaskifti. Heilög Barbara var og er verndardýrningu jarðhita og baða. Taka þyrfti saman ítarlega jarðhitasögu Geysissvæðisins.
8. **Laugarás í Biskupstungum:** Skálholtsbiskupar höfðu baðlaug í Laugarási og þar dó Ketill Hólabiskup Þorsteinsson árið 1145, en hann skrapp í bað með starfsbróður sínum í Skálholti í lok veislu. Baðlaug var í Laugarási fram á síðustu öld en matsuða í hverum.
9. **Þorlákslaug í Skálholti:** Við Þorlákshver úti undir Brúará var baðlaug, hlaðin úr múrsteini í upphafi 18. aldar en fordjarfaðist í jarðskjálftum (líklega 1730 - 1740). Eftir það sóttu Skálholtsbiskupar aftur í Laugarás. Menjar munu enn sjást um Þorlákslaug.
10. **Vígðalaug á Laugarvatni:** Hlaðin laug, 2½ alin að þvermáli en 1 alin að dýpt. Þar áttu Norðlendingar og Sunnlendingar að hafa verið skírðir í árið 1000, en Íslendingar vildu ekki láta skíra sig úr köldu vatni. Þeirri þjóðarhefð hefur ekki verið viðhaldið. Vígðalaug var fyrsta laug austan Þingvalla, en heiðingjunum var ekkert færi gefið á að sleppa undan skírminni. Stærri baðpollur var í lóni við vatnsbakkann, rétt hjá Vígðulaug. Trúlega hafa heiðingjarnir verið skírðir í stórum laugum, næstum því "á færibaldi", því að nostur við þá athöfn hefði verið býsna seinlegt, slíkur grúi sem reið til þings. Efasemdir hafa komið fram um, að Vígðalaug sé rétta laugin og ýmsar aðrar laugar í Laugardal og hjá Reykjum í Biskupstungum verið tilnefndar, en talað er um "Reykjalaug í Laugardal", sem skírnarlaugina. Í

Vígðulaug þvoðu Norðlingar lík Jóns biskups Arasonar og sona hans (1551) og lögðu þau á Líkasteina rétt hjá lauginni.

11. *YRPHOLT í Flóa*: Þar var gerð sundlaug (torflaug) á vegum ungmennafélaga.
12. *Hveragerði*: Minni sögum fer af baðlaugum í Hveragferði en goshverum og gufupyttum, en jarðhitinn í Hveragerði var talinn skoðunarverður fyrir ferðamenn. Þó mun hafa verið þurrabað við Baðstofuhver (Baðstofa) neðan Reykja. Matsuða var í gufuhvernum Seyði. Taka þyrfti saman jarðhitasögu Hveragerðis, en talsvert er til nú þegar um hana, þ.á.m. samantekt eftir Kristján Sæmundsson fyrir Hveragerðisbæ.

Hér mætti enn telja til margar laugar og jarðhitastaði, sem líklegt er að séu sögulegir staðir í þessu tilliti. Eins má vera, að hér séu einhverjir staðir oftaldir. Þó nokkuð mun ótalið af baðlaugum frá seinni tímum og líklega vantar enn ýmsar torfhlaðnar sundlaugar. Verður því að hafa alla fyrirvara á skrá þessari um sinn og bíða vandlegri og nánari vinnslu tiltækra gagna um fyllri og tryggari skrá og ítarlegri umfjöllun. Íhugunarefni er að koma á samstarfi við sögufélög, búnaðarsamtök og ferðamálaaðila í héruðum, auk hitaveitumanna, við frekari rannsóknir þessa máls. Auk þess gæti verið tilefni til að kortleggja, mæla og mynda fornar menjar jarðhitanýtingar við rannsóknir á jarðhitastöðum, eða við önnur á móta tækifæri.

Nokkur atriði er vert að ítreka, sem varða sögulega nýtingu jarðhitans. Stærstu og heitustu hverirnir og laugarnar voru greinilega ekki þær jarðhitauppsprettur, sem fyrst og fremst voru nýttar. Vatnshitinn var einfaldlega of hár, eins og víða er getið í eldri ritum, nema þá til alveg sérstakra hluta. Vinsælastar til baða og þvotta virðast hafa verið uppsprettur á bilinu 30 - 70 °C, í kaldari jaðrinum til baða og í þeim heitari til þvotta. Sundlaugar í seinni tíð voru gjarnan gerðar, þar sem veita mátti sæmilega vatnsmiklum hveralækjum til kaldari lækja og stífla þá uppi í farvegum og græfum. Fornar baðlaugar virðast líka ýmsar hafa verið þannig settar, að ráða mátti vatnshitanum með samveitu heits og kalds vatns. Þessar laugar hafa sennilega sumar verið til heimabruks og lítið meira en eins manns laug, en aðrar hafa verið stórar og tekið talsverðan mannfjölda á setbekkjum ofan í laugunum. Nýrri baðlaugar virðast frekar hafa verið gerðar í laugar með hæfilegan hita og sjaldnast nema fyrir einn mann í einu.

Ýmsir jarðhitastaðir eða svæði eiga sér mikla sögu og merka, sem vert væri að taka saman og skulu nokkrir taldir hér á eftir:

- Krýsuvík
- Reykjanes
- Þvottalaugar í Reykjavík
- Laugar í Mosfellssveit
- Reykholt og Reykholtsdalur
- Sælingsdalslaug
- Reykhólar
- Reykjanes við Djúp
- Hrafnagilslaug
- Mývatnssveit
- Geysir í Haukadal
- Skálholt og Laugarás
- Hveragerði.

Við samantekt þessa hefur einkum verið stuðst við eigin sjón og minni, en heimildakönnun takmarkast við hraðflettingu í gegnum helstu laugavænlegar fornsögur, árbækur Ferðafélags Íslands, Íslenska sögustaði Kr. Klund, ferðabækur Eggerts Ólafsonar og Bjarna Pálssonar, Ólafs Olaviusar, Sveins Pálssonar og Þorvaldar Thoroddsen og nokkur önnur rit. Mikill fjöldi líklega heimilda

hefur ekki verið kannaður, né hefur fanga verið leitað hjá staðkunnugum mönnum að neinu ráði. Kristján Sæmundsson og Helgi Torfason, jarðfræðingar á Orkustofnun, litu yfir greinargerð þessa, leiðréttu ýmis ranghermi og bentu á nokkra staði, sem augljóslega vantaði.

Freysteinn Sigurðsson, jarðfræðingur á Orkustofnun, tók saman í mars 1998.